



Forstöðumannaskýrsla

Starfsstöð: Áhaldahús/höfn

Nafn forstöðumanns/starfsmanns: Sigurður Þorvaldsson/Sverrir Guðbrandsson

Tímabil: ágúst 2020

1. Verkefni í undirbúningi:

- Vegna vatns og fráveitu við hús í Lækjartúni
- Lagfæring á virkjunarveg vegna styrks frá vegagerðinni
- Setja nýjar keðjur í festar á flotbryggjur.

2. Verkefni í vinnslu:

- Klárað að setja vatn og rafmagn á bryggju þar sem nýja stálþilið var sett
- Réttir unnið ýmislegt við réttir
- Látið vinna í vegum þar sem fengust styrkir í frá vegagerðinni þ.e. Trölltunguvegur (smalavegur) niður í skeljavík að bústöðum og hluti af hjólaleið á íþróttarsvæði
- Grjótgarður á Borgarbraut.

3. Verkefnum lokið:

- Sumarverk hafa verið mest megnis í sumar þ.e. allskonar smáverk með vinnuskóla og annað
- unnið við bryggju þ.e. stálþil ýmis verk í samstarfi með vegagerðinni
- Klárað ýmisverk við leikskólann

4. Annað:

Önnur föst verkefni fyrir deildir sveitarfélagsins tekið rusl farið með pakka, farið með mat, fylgst með vatnsnotkun og dælum vatnsveitu tekið á móti skipum, vigtað úr bátum og bílum sláttur hjá ellilífeyrisþegum og annarsstaðar. Eins eru mörg önnur sumarverk þ.e. smáverk við tjaldsvæði, félagsheimili og fl.



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SEJÓLDUR OG SKÍPAUÐI RÖÐULL OG ÍS ALDÁRTREGI

Forstöðumannaskýrsla

Starfsstöð: Byggingafulltrúi

Nafn forstöðumanns/starfsmanns: Grettir Örn Ásmundsson

Tímabil: Ágúst

Verkefni í undirbúningi:

- Uppmæling Sýslumannshús
- Uppmæling Kópnesbraut 17 19 21
- Steinshús – skúr og rotþró
- Kálfanes – ósk um skúr, spurning um vatnsverndarsvæði?
- Melgraseyri – 1 eða 2 ólöglegir bústaðir

Verkefni í vinnslu:

- Brunngil – umsókn um byggingarleyfi
- Hrófberg – nýbygging – er í ferli.
- Miðtún, stofnframlag.
- Skeljavík – fá teikningar til skrásetningar.
- Orkubú – Hásp.skúr, búa til lóðarupprátt og gera lóðarleigusamn.
- Höfðagata – Laga skráningu.
- Lækjartún, nýbygging – er í ferli
- Stofnun lóðar á Broddanesi - sameining lóðarspilda

Verkefnum lokið:

- Fjarskiptamastur í djúpinu
- Eignaskiptayfirlýsing Broddanes
- Málningartölur fyrir leikskólann
- Fasteignagjöld á Hafnarbraut
- Stofnun lóðar í Bitrufirði



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SEJÓLDUR OG SKÍPUAÐI RÓÐULL OG ÞÁ ALDÁRTREGI

Íþróttamiðstöð og Tjaldsvæði

Hrafnhildur Skúladóttir

Sumarið var einstaklega gott og komur einstaklinga (*sölutímar*) í Íþróttamiðstöðina eru orðnar **11.193** sem af er ári.

Innkoma á Íþróttamiðstöð frá áramótum er **8.297.934** og heildarinnkoma hér á Íþróttamiðstöð og Tjaldsvæði frá 1.jan til 1.sept. **16.477.806**. Minni á tveggja mánaða Covid lokun frá miðjum mars fram til 18.maí.

Verkefni í undirbúningi:

- Endurbætur á glerbúri í afgreiðslu í sóttvarnarskyni

Verkefni í vinnslu:

- Vaktafyrirkomulag vetrar
- Viðgerð á sandsíu
- Ráðning starfsmanns
- Komast fyrir flæðisvandamál í potti 2
- Viðgerð á loftræstikerfi
- Fínþússun vetrarstundaskrár

Verkefnum lokið í sumar:

- Þjónusta við **9.262** gesti Tjaldsvæðis og Íþróttamiðstöðvar frá 1. maí til 1.sept. sem greiddu **15.482.756** krónur til Strandabyggðar í þjónustugjöld.

Félagsmálastjóri, ágúst 2020

Guðrún Elín Benónýsdóttir

Starfsmannamál hafa sett svip sinn á sumarið. Þrátt fyrir að útlit hafi verið fyrir að tekist hafi að manna sumarstörf og afleysingar að mestu leiti, þá var margt sem ekki gekk upp og eins var nokkuð um veikindi þar sem þurfti að finna afleysingar. Starfsmannamál hafa því verið á dagskrá í flestum vikum sumarsins.

STRANDABYGGÐ HÖFÐAGATA 3 510 HÓLMAVÍK KT. 570806-0410

SÍMI 451-3510 FAX 451-3403 BANKI 0316-26-153 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR: WWW.STRANDABYGGD.IS



Helstu verkefni

- Hjá félagsþjónustunni eru nokkur umfangsmikil einstaklingsmál sem þurfa stöðuga eftirfylgni og þar með sinn tíma en eru þó breytileg milli mánaða.
- Heimaþjónusta – það hefur gengið nokkurn veginn að veita þá þjónustu í sumar en aðeins hefur þurft að draga úr þjónustu í nokkrum tilvikum því starfsmannamálin eru flókin.
- Reglur vegna covid-19 hafa verið að breytast í sumar, eftir því hvernig staðan er í samfélaginu og í byrjun ágúst voru reglur hertar og var því fylgt eftir í búsetu og heimaþjónustu.
- Í ágúst fóru vikulegir spurningalistar frá uppbyggingateymi félags- og atvinnumála aftur að berast.
- Öðrum verkefnum félagsþjónustunnar hefur ennfremur verið sinnt eftir því sem á hefur þurft að halda hverju sinni.

Verkefni framundan

- Félagsstarf aldraðra hefur legið niðri síðan í mars, vegna sóttvarna, og ekki ljóst hvenær hægt er að fara af stað með það aftur en um leið og ástand batnar og reglur verða rýmkaðar þá er starfsfólkið tilbúið að byrja.
- Stefnt er að því í september að fara að vinna að fjárhagsáætlun fyrir árið 2021.

Leikskólinn Lækjarbrekka – Grunn- og tónskólinn á Hólmavík

Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir

Ágúst 2020

Verkefni á frumstigi:

- Skólaþing 30. september 2020. Velja gildi/einkunnarorð og nafn á sameinaðan skóla. (HG)
- Leki á lofti á gangi grunnskóla. Gera þarf við hné sem er farið að leka. (HG) *Aðgerðum frestað í apríl.*
- Leki upp um gólf á bókasafni. (HG) *Aðgerðum frestað í apríl.*
- Ytra mat grunnskóla -MMS. Framkvæmt í september. (HG)

Verkefni í vinnslu:

- Ráðningar og skipulag í grunnskóla (HG)
- Ráðningar. Dagskipulag deilda í leikskóla. (BÓG, HG).
- Skipulag kennslu í leikskóla, íþróttir, listir, sérkennsla. (HG)
- Stærðfræði með augum heimsins, verkefni með styrk úr sprotasjóði. Ársverkefni með verkefnastjórn. (HG, EEM, Trappa). *Unnið í fjarfundum.*



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SEJÓLDUR OG SKÍPAUÐI RÖÐULL OG ÍS ALDARTREGI

Verkefnum lokið:

- Málun eldri hluti leikskóla (GG)
- Girðing lagfærð, hellur við útgang yngri barna, leiktæki lagfærð og máluð. Hreinsað undan gúmmihellum - leikskóli (HG, áhaldahús)
- Starfslýsingar sameinaðs skóla (HG)
- Gluggaskipti í grunnskóla (HG)